



Nemendakönnun
Lokaskýrsla
Skólaárið 2011-2012

Gunnhildur Harðardóttir
Helena Katrín Hjaltadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Heildarniðurstöður	4
Samantekt	19
Umbótaáætlun	20

Inngangur

Eitt af því sem grunnskólum landsins ber að framkvæma er svonefnt innra mat. Þá eru hinir ýmsu þættir skólastarfsins metnir kerfisbundið, reynt er að finna hver staðan er og hvað megi bæta. Margt að því sem velta þarf fyrir sér í matsferlinu er þess eðlis að leita verður til nemenda um svör. Með því að svara könnuninni gefst nemendum einnig kostur á því að hafa áhrif á skólastarfið. Markmiðið með fyrirlögninni er að gera góðan skóla betri.

Nemendakönnun var lögð fyrir nemendur í 4.-10. bekk í Lágafellsskóla í maí 2012. Ábyrgð á vinnu og framkvæmd báru deildarstjóri sérkennslu og mats og deildarstjóri elsta stigs. Tilgangurinn með fyrirlögn könnunarinnar er að vinna með niðurstöður innan skólans til að bæta líðan nemenda og kortleggja það starf sem á sér stað í skólanum.

Rafrænn spurningarlisti var unnin í forritinu Lime Survey og voru spurningarnar byggðar á spurningum síðasta skólaárs til að hægt væri að bera niðurstöður saman milli ára. Áður en könnunin var lögð fyrir voru kallaðir til rýnihópar nemenda og kennara sem lásu yfir og gáfu gagnlegar ábendingar um það sem betur mætti fara. Foreldrar voru upplýstir um að nemendakönnun yrði lögð fyrir nemendur sem kallaðir voru í tölvustofu og bókasafn skólans til að svara könnuninni á veraldarvefnum. Nemendafjöldi í 4.-10. bekk þegar könnunin var lögð fyrir var 473 nemendur. Svarendur voru 461 eða 97,5%. Könnunin inniheldur 40 spurningar og þar af eru fimm opnar spurningar. Tafla 1 sýnir skiptingu nemenda eftir árgöngum. Víða eru niðurstöður flokkaðar eftir stigum og á miðstig þá við nemendur í 4.-7. bekk og elsta stig á við nemendur í 8.-10. bekk.


Tafla 1. Skipting nemenda sem svöruðu könnuninni eftir árgöngum

Árgangur	Fjöldi nemenda	%
4. bekk	81	17.57%
5. bekk	61	13.23%
6. bekk	80	17.35%
7. bekk	70	15.18%
8. bekk	63	13.67%
9. bekk	57	12.36%
10. bekk	47	10.20%

Heildarniðurstöður

Eftirfarandi eru niðurstöður úr hverri spurningu könnunarinnar fyrir sig.

Þegar nemendur voru spurðir um líðan þeirra í skólanum kom fram að rúmlega 81% nemenda líður mjög vel eða vel í skólanum. Það hlutfall er 9% undir því viðmiði sem sett var í starfsáætlun skólans. Rúmlega 3% nemenda svöruðu því til að þeim liði illa eða mjög illa.



Mynd 1. Hvernig líður þér í skólanum?

Þegar nemendur voru spurðir hvort þeir væru kvíðnir fyrir próf sýndu niðurstöður það frekar eiga við nemendur á unglingsstigi en á miðstigi. Um 21% nemenda segjast aldrei vera kvíðnir fyrir próf og er það svipað á öllum stigum. Séu niðurstöður bornar saman við niðurstöður síðasta árs, er ljóst að færri nemendur eru alltaf kvíðnir fyrir próf en fleiri stundum.

Tafla 2. Ertu kvíðin/n fyrir próf?

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Alltaf	6,51%	6,53%	10,18%
Stundum	75,34%	75,60%	62,28%
Aldrei	17,81%	17,87%	27,54%

Þegar nemendur voru spurðir um hversu áhugasamir þeir voru um námið kom í ljós að tæp 72% nemenda sögðust hafa mjög mikinn eða mikinn áhuga á náminu, rúmlega 5% nemenda sögðust hafa frekar lítinn eða mjög lítinn áhuga á náminu. Af þeim nemendum sem hafa mjög mikinn eða mikinn áhuga eru fleiri á yngri stigum en unglingsstigi.

Tafla 3. Hversu áhugasamur/áhugasöm ertu um námið þitt?

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög mikið	30,13%	32,99%	25,15%
Frekar mikið	41,70%	40,89%	43,11%
Hvorki lítið né mikið	22,93%	23,02%	22,75%
Frekar lítið	3,71%	2,41%	5,99%
Mjög lítið	1,53%	0,69%	2,99%

Þegar spurt var hvað nemendum fyndist um vinnuna sína í skólanum kom fram að fleiri nemendum á miðstigi þykir vinnan sín mjög eða frekar auðveld heldur en nemendum á unglíngastigi.

Tafla 4. Hvað finnst þér um vinnuna þína í skólanum?


	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög auðveld	5,02%	5,15%	4,79%
Frekar auðveld	27,73%	31,62%	20,96%
Hæfileg	56,33%	54,64%	59,28%
Frekar erfið	8,30%	6,19%	11,98%
Mjög erfið	2,62%	2,41%	2,99%

Nemendur voru spurðir hvort þeir lærðu eins vel og þeir gætu í skólanum. Ef svör allra árganga eru skoðuð þá kemur í ljós tæplega 84% nemenda% telja að þeir læri mjög oft eða oft eins vel og þeir geta.

Tafla 5. Lærir þú eins vel og þú getur í skólanum?


	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög oft	46,29%	51,20%	37,71%
Oft	37,77%	35,40%	41,92%
Stundum	13,97%	12,03%	17,37%
Sjaldan	1,53%	1,03%	2,40%
Aldrei	0,44%	0,34%	0,60%

Þegar skoðað er hvort nemendur telji að kennarar hrósi þeim fyrir vel unnin verk í skólanum kemur í ljós að tæplega 45% telja svo vera mjög oft eða oft. Fleiri nemendur á miðstigi telja kennara hrósa sér mjög oft eða oft en á unglíngastigi, munurinn er tæplega 16%. Rúmlega 7% nemenda í 4.-10. bekk telja kennara aldrei hrósa sér fyrir vel unnin verk og er hlutfall þeirra hæst á unglíngastigi.




Mynd 2. Hversu oft hrósa kennarar þér fyrir vel unnin verk (lærdóm/heimanám) í skólanum?

Nemendur voru spurðir hversu miklu máli það skiptir þá að standa sig vel í náminu/skólanum. Rúmlega 86% telja það skipta sig mjög miklu eða miklu máli og er þar ekki marktækur munur milli stiga.




Mynd 3. Skiptir það miklu máli fyrir þig að standa þig vel í náminu/skólanum?

Nemendur voru spurðir hvort þeir teldu að Leiðsagnarmatið gæfu þeim betri upplýsingar um gengi sitt í skólanum. Rúmlega 50% töldu svo vera og var hlutfall þeirra herra á miðstigi en á unglíngastigi. Rúmlega 29% höfðu ekki myndað sér skoðun og var hlutfall þeirra einnig herra á unglíngastigi.



Mynd 4. Telur þú að Leiðsagnarmatið gefi þér betri upplýsingar um hvernig þér gengur í skólanum?

Nemendur voru spurðir hvort þeir gætu leitað til eftirfarandi aðila; stjórnenda, námsráðgjafa, hjúkrunarfræðings, umsjónarkennara, annarra kennara, skólaliða, stuðningsfulltrúa, húsvörðar, Vinaleiðar, starfsmanns á bókasafni og ritara ef þeir þyrftu á að halda. Samkvæmt niðurstöðum virðast nemendur vera sáttur við það aðgengi sem þeir hafa að starfsfólki skólans.




Mynd 5. Getur þú leitað til þessara aðila þegar þú þarft á því að halda?

Rúmlega 66% nemenda telja að samskipti nemenda og starfsmanna séu almennt mjög góð eða góð. Nemendur á yngri stigum telja að samskipti nemenda og starfsmanna séu betri heldur en nemendur á unglingastigi. Rúmlega 72% nemenda á yngri stigum telja að samskipti nemenda og starfsmanna séu almennt góð eða mjög góð en tæplega 56% nemenda á unglingastigi og eru þessar tölur sambærilegar milli ára.


Tafla 6 . Hvernig telur þú að samskipti nemenda og starfsmanna séu almennt í skólanum?

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög góð	25,82%	29,31%	19,76%
Góð	40,48%	43,10%	35,93%
Sæmileg	29,76%	24,48%	38,92%
Slæm	3,06%	2,76%	3,59%
Mjög slæm	0,88%	0,34%	1,80%

Rúmlega 47% nemenda skólans þykir námið í skólanum alltaf eða oft skemmtilegt. Hlutfall þeirra er hærra á miðstigi en á unglingsstigi. Þá telja rúmlega 25% nemenda á unglingsstigi að nám þeirra sé sjaldan eða aldrei skemmtilegt, hlutfall þeirra sem hafa þá skoðun meðal nemenda miðstigs er tæplega 12%.


**Mynd 6.** Finnst þér námið í skólanum skemmtilegt?

Nemendur voru spurðir hvernig samskipti þeirra við eftirtalda aðila; umsjónarkennara, aðra kennara, skólaliða, stuðningsfulltrúa, stjórnendur, ritara, starfsmann á bókasafni, húsvörð, kokk, námsráðgjafa, Vinaleið og hjúkrunarfræðing. Svörun var sambærileg milli stiga nema þegar samskipti við umsjónarkennara eru skoðuð. Þá telja fleiri nemendur á miðstigi að samskiptin séu mjög góð eða góð.




Mynd 7. Hvernig eru samskipti þín við eftirtalda aðila?

Nemendur voru spurðir hvernig eftirtaldir aðilar hefðu tekið á málum sem upp hefðu komið hjá þeim; stjórnendur, umsjónarkennari, aðrir kennarar, aðrir starfsmenn. Niðurstöður sýna að nemendur eru ánægðastir með hvernig umsjónarkennari, af ofangreindum aðilum, hefur tekið á þeirra málum. Ánægðastir eru nemendur miðstigs.




Mynd 8. Ef þú hefur lent í einhverjum málum í skólanum, hvernig hefur þá verið tekið á þeim?

Spurt var hvernig nemendum þætti nám sitt við Lágafellsskóla undirbúa sig undir framtíðina. Hlutfall þeirra sem fannst skólinn undirbúa sig mjög vel eða vel var 79% en tæplega 2% illa eða mjög illa.




Mynd 9. Hvernig telur þú að nám þitt við Lágafellsskóla undirbúi þig undir framtíðina?

Nemendur voru spurðir hversu ánægðir þeir væru með sérkennslu hefðu þeir notið þeirrar þjónustu. Tæplega 80% svöruðu því til að þeir hefðu ekki verið í sérkennslu. Af þeim sem höfðu notið sérkennslu voru 60% ánægðir eða mjög ánægðir, 26% þótti hún í lagi og óánægðir og mjög óánægðir voru 14%.




Mynd 10. Ef þú ert í sérkennslu, hversu ánægð/ur ertu með hana?

Rúmlega 51% nemenda telja heimavinnu sína hæfilega mikla, rúmlega 40% svöruðu því til að þeim þætti heimavinnan sín of mikil eða mikil og tæplega 9% að hún væri lítil eða of lítil. Mun fleiri nemendum á unglingastigi þykir heimavinnan of mikil eða mikil og munar rúmlega 23% á milli stiga.




Mynd 11. Hversu mikil finnst þér heimavinnan (heimanámið) þín vera?

Næst voru nemendur spurðir hversu mikla aðstoð þeir þyrftu við heimanám sitt. Fram kom að rúmlega 11% þyrftu mjög mikla eða mikla aðstoð heima fyrir. Hærra hlutfall nemenda á miðstigi töldu sig þurfa mjög mikla eða mikla aðstoð heldur en nemendur á elsta stigi.




Mynd 12. Þarftu aðstoð við heimavinnuna/heimanámið?

Um 18% nemenda segjast nota heimasíðu skólans mjög mikið eða mikið og hefur sú tala lækkað um 12% frá fyrra ári. Ef notkunin er skoðuð eftir stigum þá kemur í ljós að nemendur á miðstigi nota heimasíðuna meira en nemendur á unglingsstigi. Rúmlega 57% nemenda á unglingsstigi segjast nota heimasíðu skólans mjög lítið eða ekkert en tæplega 48% nemenda á yngri stigum segja svo vera og hefur það hlutfall einnig hækkað milli ára.



Mynd 13. Hversu mikið notar þú heimasíðu skólans?

Spurt var hvort nemendur noti Mentor og kom fram að tæplega 5% nemenda nota ekki Mentor. Tæplega 37% nemenda nota Mentor daglega og er hlutfall nemenda á unglingastigi hæst hvað það varðar. Á miðstigi virðist sem foreldrar nemenda noti sinn aðgang til að skoða Mentor.




Mynd 14. Notar þú Mentor?


Þegar spurt var hvaða lykilorð nemendur nota til að fara inn á Mentor, kom fram að tæplega 81% þeirra sem nota Mentor nýta sinn eigin aðgang.

Nemendur voru spurðir hvort þeir gætu treyst á að umsjónarkennarar skráðu heimavinnu í Mentor og kom fram að af þeim sem tóku afstöðu töldu rúmlega 87% svo vera mjög oft eða oft. Rúmlega 5% töldu að sjaldan eða aldrei væri hægt að treysta á það. Hlutfall nemenda sem

svöruðu því til að geta mjög oft eða oft treyst á að heimavinna væri skráð var hæst meðal nemenda miðstigs. Þegar spurt var um aðra kennara en umsjónarkennara töldu 73% svo vera mjög oft eða oft en 7% sjaldan eða aldrei, ekki var mismunur milli stiga.




Mynd 15. Geturðu treyst á að umsjónarkennari skrái heimavinnu í Mentor?




Mynd 16. Geturðu treyst á að aðrir kennarar skrái heimavinnu í Mentor?

Nemendur voru spurðir hvort þeir myndu vera vinnufriður í kennslustundum og töldu rúmlega 43% vinnufriðinn vera mjög góðan eða góðan. Rúmlega 21% þótti hann slæmur eða mjög slæmur. Séu stigin borin saman kemur í ljós að nemendur á unglíngastigi telja vinnufriðinn betri en nemendur á miðstigi.



Mynd 17. Hvernig vinnufriður finnst þér vera í kennslustundum?

Tæplega 73% nemenda voru mjög ánægðir eða ánægðir með síðasta foreldraviðtal sem þeir fóru í og voru nemendur á miðstigi ánægðari en nemendur á unglíngastigi.




Mynd 18. Hversu ánægð/ur varstu með síðasta foreldraviðtal sem þú fórst í?

Spurt var hversu ánægðir nemendur væru með mötuneyti skólans en þar svöruðu rúmlega 13% því til að þeir væru ekki skráðir í mötuneytið. Tæplega 43% voru mjög ánægðir eða ánægðir og hefur það hlutfall lækkað um tæplega 5% milli ára. Tæplega 29% töldu það í lagi en rúmlega 15% svöruðu því til að þeir væru óánægðir eða mjög óánægðir með mötuneytið.

Tafla 7. Hversu ánægð/ur ertu með mötuneytið?


	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Er ekki skráð/ur í mötuneytið	13,16%	11,38%	16,27%
Mjög ánægð/ur	17,32%	16,55%	18,67%
Ánægð/ur	25,44%	26,21%	24,10%
Í lagi	28,73%	32,07%	22,89%
Óánægður	8,77%	8,62%	9,04%
Mjög óánægður	6,58%	5,17%	9,04%

Almennt finnst nemendum skólinn þeirra vera snyrtilegur. Rúmlega 25% nemenda telja að skólinn sé alltaf snyrtilegur, tæplega 69% stundum og rúmlega 6% aldrei. Fleiri nemendum í ár þykir skólinn alltaf snyrtilegur en í fyrra. Niðurstöður í ár eru sambærilegar milli stiga.



Mynd 19. Finnst þér skólinn þinn vera snyrtilegur?


Þegar spurt var hversu ánægðir nemendur væru með Lágafellsskóla kom fram að tæplega 81% voru mjög ánægðir eða ánægðir með skólann. Óánægðir eða mjög óánægðir voru tæplega 4%. Ánægðastir eru nemendur á miðstigi.



Mynd 20. Hversu ánægð/ur ertu með Lágafellsskóla?

Nemendur voru spurðir hversu vel þeir þekkja efni Uppbyggingarstefnunnar sem Lágafellsskóli vinnur eftir. Um 73% nemenda taldi sig þekkja efni stefnunnar mjög vel eða vel og hefur það hlutfall hækkað um 44% milli ára. Möguleg skýring á þessari hækkun er sú að spurningin hefur verið umorðuð frá síðasta ári þannig að hún sé skiljanlegri nemendum. Rúmlega 8% nemenda taldi sig hafa litla eða mjög litla þekkingu á efni hennar. Séu niðurstöður spurningarinnar skoðaðar eftir stigum kemur í ljós að nemendur í 4. -7. bekk virðast þekkja stefnuna mun betur en nemendur unglingastigs. Af yngri nemendum svöruðu


tæplega 79% því til að þekkja efni stefnunnar mjög vel eða vel en rúmlega 63% nemenda unglिंगastigs.



Mynd 21. Lágafellsskóli vinnur eftir kenningum Uppbyggingarstefnunnar. Hversu vel þekkir þú mitt og þitt hlutverk?

Næstu spurningar varða fullyrðingar sem finna má í skólanámskrá skólans.

Nemendur voru spurðir hversu sammála þeir væru eftirfarandi fullyrðingu: „Í skólanum er hlustað á mínar skoðanir“. Í ljós kom að rúmlega 56% nemenda voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni og er það lækkun um rúmlega 9% á milli ára. Tæplega 23% voru ósammála eða mjög ósammála. Fleiri nemendur voru sammála fullyrðingunni í 4. -7. bekk eða rúmlega 59% en tæplega 49% nemenda unglिंगastigs.



Mynd 22. Hversu sammála ertu þessu? „Í skólanum er hlustað á mínar skoðanir“

Nemendur voru spurðir hversu sammála þeir væru fullyrðingunni: „Í Lágafellsskóla fá hæfileikar allra að njóta sín“. Í ljós kom að tæplega 62% nemenda voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni og hefur það hlutfall lækkað um rúmlega 6% á milli ára, rúmlega 20% voru ósammála eða mjög ósammála og tæplega 18% tóku ekki afstöðu. Heldur fleiri nemendur í 4. -7. bekk voru sammála eða mjög sammála eða tæplega 70% en rúmlega 48% nemenda unglingastigs. Hlutfall þeirra sem voru ósammála eða mjög ósammála fullyrðingunni hefur hækkað um rúmlega 2% á miðstigi og tæplega 9% á unglingastigi.

Tafla 8. Hversu sammála ertu þessu? Í Lágafellsskóla fá hæfileikar allra að njóta sín

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. Bekkur
Mjög sammála	21,93%	27,24%	12,69%
Sammála	39,91%	42,41%	35,54%
Ósammála	13,38%	8,97%	21,08%
Mjög ósammála	7,24%	4,14%	12,65%
Hef ekki myndað mér skoðun á því	17,54%	17,24%	18,07%

Nemendur voru spurðir hversu sammála þeir væru eftirfarandi fullyrðingu: „Í Lágafellsskóla ríkir jákvætt, uppbyggilegt og afslappað andrúmsloft“. Í ljós kom að rúmlega 57% nemenda voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni og hefur það hlutfall um lækkað um tæplega 6% frá síðasta skólaári. Rúmlega 22% voru ósammála eða mjög ósammála. Fleiri voru sammála eða mjög sammála á yngri stigum eða rúmlega 60% og hefur sú tala lækkað um 9% milli ára. Rúmlega 53% voru sammála eða mjög sammála á unglingastigi.

Tafla 9. Hversu sammála ertu þessu? Í Lágafellsskóla ríkir jákvætt, uppbyggilegt og afslappað andrúmsloft

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög sammála	14,91%	18,62%	8,43%
Sammála	42,11%	41,72%	42,77%
Ósammála	16,67%	12,07%	24,70%
Mjög ósammála	5,70%	4,48%	7,83%
Hef ekki myndað mér skoðun á því	20,61%	23,10%	16,27%

Nemendur voru spurðir hversu sammála þeir væru eftirfarandi fullyrðingu: „Í Lágafellsskóla nota kennararnir fjölbreyttar aðferðir við kennslu“. Svörin gefa til kynna að tæplega 73% nemenda sé mjög sammála eða sammála fullyrðingunni og er það hlutfall sambærilegt frá síðasta ári. Rúmlega 13% eru ósammála eða mjög ósammála. Fleiri nemendur á yngri stigum voru mjög sammála eða sammála eða tæplega 79% en rúmlega 61% nemenda á unglíngastigi.

Tafla 10. Hversu sammála ertu þessu? „Í Lágafellsskóla nota kennararnir fjölbreyttar aðferðir við kennslu“. Það þýðir að í tímum hafa kennarar mismunandi vinnuaðferðir, t.d. að vinna einn eða í hópi, þemavinnu, töflukennslu, söguaðferð eða tölvuverkefni.

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög sammála	27,19%	32,07%	18,67%
Sammála	45,39%	46,90%	42,77%
Ósammála	8,99%	5,52%	15,06%
Mjög ósammála	4,17%	1,38%	9,04%
Hef ekki myndað mér skoðun á því	14,25%	14,14%	14,46%

Nemendur voru spurðir hversu sammála þeir væru eftirfarandi fullyrðingu: „Í Lágafellsskóla er boðið upp á góða kennslu“. Í ljós kom að rúmlega 81% nemenda voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni en rúmlega 9% voru ósammála eða mjög ósammála. Fleiri nemendur á yngri stigum var mjög sammála eða sammála eða rúmlega 85% en tæplega 75% nemenda á unglíngastigi. Niðurstöður eru sambærilegar milli ára.

Tafla 11. Hversu sammála ertu þessu? „Í Lágafellsskóla er boðið upp á góða kennslu“

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög sammála	35,09%	41,72%	23,49%
Sammála	46,27%	43,45%	51,20%
Ósammála	7,24%	5,17%	10,85%
Mjög ósammála	2,19%	0,69%	4,82%
Hef ekki myndað mér skoðun á því	9,21%	8,97%	9,64%

Samantekt

Samkvæmt sjálfsmatsáætlun þeirri sem skólinn hefur sett sér til næstu fimm ára er gengið út frá því að nemendakönnun sé lögð fyrir nemendur 4. 7. og 10. bekkjar árlega. Í ár, sem og síðasta ár, var ákveðið að leggja könnunina fyrir alla nemendur 4.-10. bekkjar. Var það gert með það að markmiði að öðlast betri yfirsýn yfir skoðanir nemenda og upplifanir af skólstarfinu. Könnun með sambærilegum spurningum hafa verið lagðar fyrir foreldra. Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar koma fram í stefnu skólans sem og starfsáætlun.

Í starfsáætlun skólans sem unnin var fyrir skólaárið voru settar viðmiðanir varðandi nokkra þætti skólstarfsins. Í nemendakönnuninni var spurt um þá þætti sem þar koma fram til að hægt væri að kanna hvort viðmiðum væri náð. Samkvæmt niðurstöðum nemendakönnunar líður tæplega 82% nemenda mjög vel eða vel í skólanum og er það 8% undir viðmiði starfsáætlunar. Niðurstöður nemendakönnunar leiddu í ljós að tæplega 81% nemenda eru mjög ánægðir eða ánægðir með Lágafellsskóla en það viðmið sem sett var í starfsáætlun skólans og lítur að ánægju nemenda er 80%. Um 55% nemenda telja að hlustað sé á skoðanir þeirra í skólanum en það hlutfall er langt undir viðmiði starfsáætlunar sem er 80%. Lágafellsskóli vinnur samkvæmt hugmyndafræði Uppbyggingastefnunnar og kannað var hversu vel nemendur þekkja til stefnunnar. Í ljós kom að rúmlega 73% þekkja mjög vel eða vel til stefnunnar en það er 7% undir settum viðmiðum.

Fram kom að tæplega 71% nemenda eru stundum kvíðnir fyrir próf og tæplega 8% alltaf. Áhugvert er að þrátt fyrir þessar tölur segjast rúmlega 64% ekki hafa þurft á aðstoð námsráðgjafa að halda. Námsráðgjafi er sá aðili innan skólans sem nemendur ættu helst að leita til ef um prófkvíða er að ræða og má því draga þá ályktun að kynna þurfi starf námsráðgjafa betur fyrir nemendum.

Tæplega 84% nemenda telja samskipti sín við umsjónarkennara vera mjög góð eða góð sem er mjög jákvætt þar sem umsjónarkennari er sá aðili innan skólans sem stendur næst hverjum nemanda og mikilvægt að traust ríki þar á milli. Einnig er mikil ánægja með foreldraviðtöl en tæplega 73% nemenda eru mjög ánægð eða ánægð með þau. Í ljós kom að nemendur telja sig hafa greiðan aðgang að stjórnendum og stoðkerfi skólans en rúmlega helmingur nemenda hefur þó aldrei þurft að leita til stjórnenda.

Í könnuninni kom fram að 45% nemenda töldu sér vera mjög oft eða oft hrósað og rúmlega 33% stundum. Rúmlega 22% nemenda telja að sér sé sjaldan eða aldrei hrósað af kennurum fyrir vel unnin verk í skólanum. Áhugavert er að velta fyrir sér þessum niðurstöðum og því hvort huga þurfi sérstaklega að því að næstum einn af hverjum fjórum nemendum upplifi það að finnst sér sjaldan eða aldrei hrósað fyrir vel unnin verk.

Niðurstöður sýna að aðeins tæplega helmingur nemenda þykir námið í skólanum alltaf eða oft skemmtilegt. Um 25% nemenda á unglingastigi þykir námið sjaldan eða aldrei skemmtilegt og 12% nemenda á miðstigi. Þessar niðurstöður eru umhugsunarverðar og vert verkefni að skoða hvernig megi bæta úr.

Nemendur telja heimavinnu of mikla og á það sérstaklega við um nemendur á unglingastigi. Í opnum svörum kom fram að nemendum þykir verkefnaskil og próf raðast á sömu vikur. Mikilvægt er að huga að álagstímum og er samvinna milli kennara þar nauðsynleg.

Þegar nemendur voru spurðir um hvernig vinnufriður væri í kennslustundum sýndu niðurstöður að rúmlega 43% nemenda þykir vinnufriður mjög góður eða góður og fannst nemendum á unglingastigi betri vinnufriður en nemendum á miðstigi. Rúmlega 35% svöruðu því til að hann væri hvorki góður né slæmur og rúmlega 21% að hann væri slæmur eða mjög slæmur. Athygli vekur að aðeins tæplega helmingur nemenda telur vinnufriðinn góðan eða mjög góðan og þyrfti að huga sérstaklega að því á komandi skólaári.

Fram kom að rúmlega 56% nemenda telja að hlustað sé á þeirra skoðanir varðandi skólastarfið hefur það hlutfall lækkað um 9% á milli ára. Vert er að kanna hvort endurskoða megi hugmyndir um nemendalýðræði í skólastarfinu og huga að því að virkja nemendur í ákvarðanatöku í ákveðnum þáttum starfsins.

Umbótaáætlun

Ljóst er að þær upplýsingar sem fram hafa komið varðandi skoðanir nemenda á skólastarfinu í heild nýtast skólanum vel til áframhaldandi þróunarstarfs innan skólans. Að gerð umbótaáætlunar koma allir starfsmenn skólans og verður farið í þá vinnu á haustdögum 2012.

